

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um girðingamál Vegagerðarinnar.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hversu miklum fjármunum ver Vegagerðin til girðinga alls á árinu 2013?
2. Hversu miklum fjármunum varði Vegagerðin til girðinga á ári síðustu fimm ár á verðlagi ársins 2013?
3. Hverju námu óafgreiddar beiðnir um fjármuni til girðinga í lok ársins 2012?
4. Hverju nemur lengd girðinga sem Vegagerðin a) lét gera og b) styrkti á árinu 2012?
5. Hversu mikla fjármuni telur Vegagerðin sig þurfa á ári næstu fimm ár til girðinga?

Skriflegt svar óskast.

